

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

frá 22. júlí 1997

um aðra breytingu á ákvörðun 94/957/EB um bráðabirgðaráðstafanir sem gera skal í Finnlandi með tilliti til dýraheilbrigðiseftirlits með lifandi dýrum sem eru flutt inn til Finnlands frá þriðju löndum

(Texti sem varðar EES)

(97/570/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 91/496/EBE frá 15. júlí 1991 um setningu meginreglna um fyrirkomulag heilbrigðiseftirlits með dýrum sem eru flutt til bandalagsins frá þriðju löndum og breytingu á tilskipunum 89/662/EBE, 90/425/EBE og 90/675/EBE ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun ráðsins 96/43/EB ⁽²⁾, einkum 17. gr. a,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í viðauka ákvörðunar 94/957/EB frá 28. desember 1994 um bráðabirgðaráðstafanir sem gera skal í Finnlandi með tilliti til dýraheilbrigðiseftirlits með lifandi dýrum sem eru flutt inn til Finnlands frá þriðju löndum ⁽³⁾, eins og henni var breytt með ákvörðun 95/82/EB ⁽⁴⁾, eru tilgreindar landamærastöðvar og tilheyrandi skoðunarstaðir að því er varðar viðkomandi lifandi dýr. Ákvæði þessi gilda til 31. desember 1997.

Finnsk yfirvöld vilja nú þegar flytja Nuijamaalandamærastöðina og tilheyrandi skoðunarstað við landamæri Rússlands og Finnland til Vaalimaa, sem er hin endanlega landamærastöð og skoðunarstaður.

Að beiðni finnskra yfirvalda og með fyrirvara um ákvarðanir sem kunna að vera teknar síðar í tengslum við viðurkenningu á skoðunarstöðvum á landamærum Finnlands ber

að breyta viðaukanum við upprunalegu ákvörðunina, svo að hann nái sem bráðabirgðaráðstöfun frá júlí 1997 yfir stöðvarnar Vaalimaa, Helsinki og Ivalo með tilliti til innflutnings á lifandi dýrum.

Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um dýraheilbrigði.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Viðauki þessarar ákvörðunar kemur í stað viðaukans við ákvörðun 94/957/EB.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 22. júlí 1997.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Franz FISCHLER

framkvæmdastjóri.

⁽¹⁾ Stjttíð. EB nr. L 268, 24. 9. 1991, bls. 56.

⁽²⁾ Stjttíð. EB nr. L 162, 1. 7. 1996, bls. 1.

⁽³⁾ Stjttíð. EB nr. L 371, 31. 12. 1994, bls. 19.

⁽⁴⁾ Stjttíð. EB nr. L 66, 24. 3. 1995, bls. 26.

VIÐAUKI

Landamærostöð	Tilheyrandi skoðunarstaður	Lifandi dýr
Vaalimaa (landamæri Rússlands og Finnlands)	Vaalimaa	öll
Helsinki (höfn, flugvöllur)	Helsinki (borg)	öll
Kilpisjärvi-Näätämö	Ivalo	öll